

ÖLD3B05 ÖLDRUN OG LÍFSGÆÐI DR

Námsáætlun, haustönn 2019

Kennari/kennarar:

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir

Netfang/netföng:

gudrunjh@bhs.is

Lýsing:

Fjallað er um helstu stefnur í öldrunarmálum hér á landi og þá hugmyndafræði sem er ríkjandi í þjónustu. Unnið er með lög og reglugerðir um málefni aldraðra og réttindi þeirra til þjónustu. Samfélagsleg þjónusta við aldraða verður einnig skoðuð í sögulegu ljósi og hvernig þarfirnar og þjónustan hafa breyst með breyttu samfélagi. Umfjöllun verður um sjálfræði aldraðra og stöðu þeirra og þátttöku almennt í samfélaginu, ásamt siðferðilegum álitamálum í þjónustu við eldri borgara, s.s. þjónustu á heimili, þjónustu við val á búsetu, félagsstarf og fleira. Fjallað verður um breytta sýn eldri borgara á eigið líf og þróun fjölskyldutengsla.

Þekking, leikni, hæfni:

Nemendur öðlast dýpri þekkingu á aðstæðum og aðbúnaði aldraðra á Íslandi og helstu þáttum félagslegrar þjónustu. Að nemendur hafi leikni til að afla upplýsinga um opinbera og óopinbera þjónustu fyrir aldraða, skoða og skilgreina hugmyndafræði og stefnu í öldrunarþjónustu á Íslandi, greina og vinna með fjölbreyttar aðstæður eldri borgara í síbreytilegu samfélagi, að veita öldruðum upplýsingar um réttindi þeirra og mögulega þjónustu og að meta stöðu aldraðra í nútímasamfélagi.

Námsmat:

Námsmat er byggt upp af verkefnum, kynningu, prófi, mætingu og virkni.

- Virkni og þátttaka í umræðum og dreifnámslotum, amk 4-6 málefnaleg innlegg með vísun í lesefni gildir 20%
- Vikuleg skilaverkefni inná múðlunni gildir 20%
- Hópverkefni (20%) og kynning (10%) í lotu 2 gildir 30%
- Vettvangsferð (5) og skilaverkefni (15%) í lotu 3 gildir 20%
- Heimapróf gildir 10%

Námsgögn:

Námsgögn hjá kennara inná múðlunni (kennsluvef Borgarholtsskóla).

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skyldumæting er umræðutíma og dreifnámslotur. Mikilvægt að skila verkefnum á réttum tíma, ekki gefin einkunn fyrir verkefni sem er skilað eftir að skiladegi lýkur. Nauðsynlegt að ná að lágmarki 5 í einkunn í öllum matsatriðum og verkefnum til að standast áfangann.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
34	20.-23. ágúst	Kennslulota 1 – kynning á áfanga	Þátttaka
35	26.-30. ágúst	Heilahreysti og forvarnir	Þátttaka
36	2.-6. sept.	Starfslok, áhrifaþættir á andlega heilsu	Skilaverkefni
37	9.-13. sept.	Húsnæði fyrir aldraða	Skilaverkefni
38	16.-20. sept.	Alzheimer – heilabilun	Skilaverkefni
39	23.-27. sept.	Tæknileg úrræði – heilabilun	Skilaverkefni
40	30.sept- 4. okt.	Eldri karlmenn og félagsleg þátttaka	Skilaverkefni
41	7.-11. okt.	Útivist og tómstundir – kennslulota 2	Skilaverkefni
42	14.-18. okt.	Öldrunarinnisæi	Skilaverkefni
43	21.-24. okt.	Einmanaleiki	Skilaverkefni
44	28.okt - 1. nóv.	Farsæl öldrun	Skilaverkefni
45	4.-8. nóv.	Búsetumöguleikar	Skilaverkefni
46	11.-15. nóv.	Velferðartækni	Skilaverkefni
47	18.-22. nóv.	Að eldast heima	Skilaverkefni
48	25.-29. nóv.	Þjónandi leiðsögn	Skilaverkefni
49	2.-6. des.	Samþætting þjónustu – kennslulota 3	Skilaverkefni
50	9.-13. des.	Heimapróf	Kennslu lýkur
51	16.-17. des.	Einkunnaskil	Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.